

um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Prófastsdæmum og prestaköllum landsins skal skipað þannig:

- I. *Norður-Múlaprófastsdæmi.*
1. *Skeggjastaðir.* Skeggjastaðasókn.
Prestssetur: Skeggjastaðir.
 2. *Hof í Vopnafirði.* Hof- og Vopnafjarðarsóknir.
Prestssetur: Hof.
 3. *Hofteigur.* Hofteigs-, Eiríksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Hofteigur.
 4. *Valþjófsstaður.* Valþjófsstaðar- og Ásssóknir.
Prestssetur: Valþjófsstaður.
 5. *Eiðar.* Eiða-, Kirkjubæjar- og Hjaltastaðarsóknir.
Prestssetur: Eiðar.
 6. *Desjarmýri.* Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.
Prestssetur: Desjarmýri.
 7. *Seyðisfjörður.* Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðasóknir.
Prestssetur á Seyðisfirði.
- II. *Suður-Múlaprófastsdæmi.*
8. *Vallanes.* Vallanes- og Þingmúlasóknir.
Prestssetur: Vallanes.
 9. *Mjóifjörður.* Brekkusókn.
Prestssetur í Brekkuborpi.
 10. *Norðfjörður.* Norðfjarðarsókn.
Prestssetur í Neskaupstað.
 11. *Eskifjörður.* Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.
Prestssetur á Eskifirði.
 12. *Kolfreyjustaður.* Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.
Prestssetur: Kolfreyjustaður.
 13. *Heydalir.* Heydala-, Stöðvarfjarðar- og Berunessóknir.
Prestssetur: Heydalir.
 14. *Djúpivogur.* Djúpavogs-, Berufjarðar- og Hofssóknir.
Prestssetur á Djúpavogi.
- III. *Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.*
15. *Bjarnanes.* Bjarnanes- og Stafafellssóknir.
Prestssetur: Bjarnanes.
 16. *Kálfafellsstaður.* Kálfafellsstaðar- og Brunnhólssóknir.
Prestssetur: Kálfafellsstaður.
 17. *Hof í Öræfum.* Hofssókn.
Prestssetur: Sandfell.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Sandfell og flytja prestssetrið á hentugri stað.
- IV. *Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi.*
18. *Prestsbakki á Síðu.* Prestsbakka- og Kálfafellssóknir.
Prestssetur: Prestsbakki.

19. *Ásar*. Grafar-, Þykkvabæjar- og Langholtssóknir.
Prestssetur: Ásar.
20. *Vík*. Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.
Prestssetur í Vík.

V. *Rangárvallaprófastsdæmi.*

21. *Holt undir Eyjaföllum*. Eyvindarhóla-, Ásólfskála- og Stóradals-
sóknir.
Prestssetur: Holt.
22. *Bergþórshvoll*. Kross- og Akureyjarsóknir.
Prestssetur: Bergþórshvoll.
23. *Breiðabólstaður í Fljótshlíð*. Breiðabólstaðar- og Hlíðarendasóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.
24. *Oddi*. Odda-, Stórólfs- og Keldnasóknir.
Prestssetur: Oddi.
25. *Kirkjuhvoll*. Kálfhólts-, Háabæjar- og Árbæjarsóknir.
Prestssetur: Kirkjuhvoll.
26. *Fellsmúli*. Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir.
Prestssetur: Fellsmúli.
27. *Vestmannaeyjar*. Ofanleitissókn.
Prestssetur: Ofanleiti.

VI. *Árnessprófastsdæmi.*

28. *Hruni*. Hruna-, Hrepphóla-, Stóra-Núps- og Tungufellssóknir.
Prestssetur: Hruni.
29. *Skálholt*. Skálholts-, Torfastaða-, Haukadals-, Bræðratungu- og Út-
hlíðarsóknir.
Prestssetur: Skálholt.
30. *Mosfell í Grímsnesi*. Mosfells-, Miðdals-, Stóruborgar- og Búrfells-
sóknir.
Prestssetur: Mosfell.
31. *Þingvellir*. Þingvalla- og Úlfjótuvatnssóknir.
Prestssetur: Þingvellir.
32. *Hraungerði*. Hraungerðis-, Ólafsvalla- og Villingaholtssóknir.
Prestssetur: Hraungerði.
33. *Selfoss*. Laugardælasókn.
Prestssetur á Selfossi.
34. *Eyrarbakki*. Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.
Prestssetur á Eyrarbakka.
35. *Hveragerði*. Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.
Prestssetur í Hveragerði.

VII. *Kjalarnessprófastsdæmi.*

36. *Grindavík*. Grindavíkur- og Kálfatjarnarsóknir.
Prestssetur í Grindavík.
37. *Útskálar*. Útskála-, Hvalsness- og Kirkjuvogssóknir.
Prestssetur: Útskálar.
38. *Keflavík*. Keflavíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir.
Prestssetur í Keflavík.
39. *Hafnarfjörður*. Hafnarfjarðar- og Bessastaðasóknir.
Prestssetur í Hafnarfirði.
40. *Mosfell í Mosfellssveit*. Lágafells-, Brautarholts- og Viðeyjarsóknir.
Prestssetur: Mosfell.
41. *Reynivellir*. Reynivalla- og Saurbæjarsóknir.
Prestssetur: Reynivellir.

VIII. *Reykjavíkurprófastsdæmi.*

- 42.—50. Í Reykjavíkurprófastsdæmi skulu jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali. Kirkjustjórnin ákveður takmörk sókna og prestakalla að fengnum tillögum safnaðaráðs Reykjavíkur (sbr. 2. gr.) og velur þeim heiti.

IX. *Borgarfjarðarprófastsdæmi.*

51. *Saurbær á Hvalfjarðarströnd.* Saurbæjar-, Leirár- og Innra-Hólmsóknir.
Prestssetur: Saurbær.
52. *Akranes.* Akranessókn.
Prestssetur á Akranesi.
53. *Hvanneyri.* Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.
Prestssetur: Hvanneyri.
54. *Reykholt.* Reykholts-, Stóra-Áss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
Prestssetur: Reykholt.

X. *Mýrprófastsdæmi.*

55. *Stafholt.* Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir.
Prestssetur: Stafholt.
56. *Borg.* Borgar-, Borgarness-, Álftaness- og Álftártungusóknir.
Prestssetur: Borg.

XI. *Snæfellsnessprófastsdæmi.*

57. *Söðulsholt.* Rauðamels-, Kolbeinsstaða-, Staðarhrauns- og Akrasóknir.
Prestssetur: Söðulsholt.
58. *Staðastaður.* Staðastaðar-, Fáskrúðarbakka-, Búða- og Hellnasóknir.
Prestssetur: Staðastaður.
59. *Ólafsvík.* Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.
Prestssetur í Ólafsvík.
60. *Setberg.* Setbergssókn.
Prestssetur: Setberg.
61. *Stykkishólmur.* Stykkishólms-, Helgafells-, Bjarnarhafnar- og Narfeyrarsóknir.
Prestssetur í Stykkishólmi.

XII. *Dalaprófastsdæmi.*

62. *Kvennabrekka.* Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns-, Snóksdals- og Breiðabólstaðarsóknir.
Prestssetur: Kvennabrekka.
63. *Hvammur í Dölum.* Hvamms-, Hjarðarholts- og Staðarfellssóknir.
Prestssetur: Hvammur.
64. *Staðarhólsþing.* Staðarhóls-, Skarðs- og Dagverðarnessóknir.
Prestssetur: Hvoll.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvoll og flytja prestssetrið á hentugri stað.

XIII. *Barðastrandarprófastsdæmi.*

65. *Flatey.* Flateyjar- og Múlasóknir.
Prestssetur í Flatey.
66. *Reykhólar.* Reykhóla-, Garpsdals-, Staðar- og Gufudalssóknir.
Prestssetur: Reykhólar.
67. *Brjánslækur.* Brjánslækjar- og Hagasóknir.
Prestssetur: Brjánslækur.

- 68. *Sauðlauksdalur*. Sauðlauksdals-, Saurbæjar- og Breiðvíkursóknir.
Prestssetur: Sauðlauksdalur.
- 69. *Patreksfjörður*. Patreksfjarðar- og Stóra-Laugardalssóknir.
Prestssetur á Patreksfirði.
- 70. *Bildudalur*. Bildudals- og Selárdalssóknir.
Prestssetur á Bildudal.

XIV. *Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi*.

- 71. *Hrafnseyri*. Hrafnseyrar- og Álftamýrarsóknir.
Prestssetur: Hrafnseyri.
- 72. *Þingeyri*. Þingeyrar- og Hraunssóknir.
Prestssetur á Þingeyri.
- 73. *Núpur í Dýrafirði*. Núps-, Mýra- og Sæbólssóknir.
Prestssetur: Núpur.
- 74. *Holt í Önundarfirði*. Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir.
Prestssetur: Holt.
- 75. *Súgandafjörður*. Staðarsókn.
Prestssetur á Suðureyri.

XV. *Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi*.

- 76. *Bolungarvík*. Hólssókn.
Prestssetur í Bolungarvík.
- 77. *Ísafjörður*. Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir.
Prestssetur á Ísafirði.
- 78. *Ögurþing*. Ögur- og Eyrarsóknir.
Prestssetur: Hvítanes.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvítanes og flytja prestssetrið á hentugri stað.
- 79. *Vatnsfjörður*. Vatnsfjarðar-, Nauteyrar- og Unaðsdalssóknir.
Prestssetur: Vatnsfjörður.
- 80. *Staður í Grunnavík*. Staðar-, Hesteyrar- og Staðarsókn í Aðalvík.
Prestssetur: Staður.

XVI. *Strandaprófastsdæmi*.

- 81. *Árnes*. Árnessókn.
Prestssetur: Árnes.
- 82. *Hólmavík*. Hólmavíkur-, Staðar-, Drangsness-, Kaldrananess- og Kollafjarðarnessóknir.
Prestssetur á Hólmavík.
- 83. *Prestsbakki í Hrutafirði*. Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
Prestssetur: Prestsbakki.

XVII. *Húnavatnsprófastsdæmi*.

- 84. *Melstaður*. Melstaðar-, Kirkjuhvamms-, Staðarbakka- og Efra-Núpsóknir.
Prestssetur: Melstaður.
- 85. *Breiðabólstaður í Vesturhópi*. Breiðabólstaðar-, Víðidalstungu-, Vesturhópshóla- og Tjarnarsóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.
- 86. *Steinnes*. Þingeyra-, Undirfells- og Blönduóssóknir (Blönduósshreppur).
Prestssetur: Steinnes.

87. *Æsustaðir*. Holtastaða-, Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu- og Svínavatnssóknir.
 Prestssetur: Æsustaðir.
88. *Höskuldsstaðir*. Höskuldsstaða-, Skagastrandar- og Hofssóknir.
 Prestssetur: Höskuldsstaðir.

XVIII. *Skagaflarðarprófastsdæmi*.

89. *Hvammur í Laxárdal*. Hvamms- og Ketusóknir.
 Prestssetur: Hvammur.
90. *Sauðárkrókur*. Sauðárkróks- og Rípursóknir.
 Prestssetur á Sauðárkróki.
91. *Glaumbær*. Glaumbæjar-, Reynistaðar- og Víðimýrarsóknir.
 Prestssetur: Glaumbær.
92. *Mælifell*. Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.
 Prestssetur: Mælifell.
93. *Miklibær*. Miklabæjar-, Silfrastaða- og Flugumýrarsóknir.
 Prestssetur: Miklibær.
94. *Hólar í Hjaltadal*. Hóla-, Viðvíkur- og Hofstaðasóknir.
 Prestssetur: Hólar.
95. *Hofsós*. Hofsóss-, Hofs- og Fellssóknir.
 Prestssetur á Hofsósi.
96. *Barð*. Barðs- og Knappsstaðasóknir.
 Prestssetur: Barð.

XIX. *Eyjafjarðarprófastsdæmi*.

97. *Grimsey*. Miðgarðasókn.
 Prestssetur: Miðgarðar.
98. *Siglufjörður*. Siglufjarðarsókn.
 Prestssetur á Siglufirði.
99. *Ólafsfjörður*. Ólafsfjarðarsókn.
 Prestssetur á Ólafsfirði.
100. *Vellir*. Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.
 Prestssetur: Vellir.
101. *Hrisey*. Hriseyjar- og Stærri-Ársskógssóknir.
 Prestssetur í Hrisey.
102. *Möðruvellir í Hörgárdal*. Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisár-
 sóknir.
 Prestssetur: Möðruvellir.
- 103.—104. *Akureyri*. Akureyrar- og Lögmannshlíðarsóknir.
 Prestssetur á Akureyri.
105. *Laugaland*. Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saur-
 bæjar- og Hólasóknir.
 Prestssetur: Laugaland.

XX. *Suður-Þingeyjarprófastsdæmi*.

106. *Laufás*. Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.
 Prestssetur: Laufás.
107. *Háls*. Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.
 Prestssetur: Háls.
108. *Vatnsendi*. Ljósavatns-, Þóroddsstaðar- og Lundarbrekkusóknir.
 Prestssetur: Vatnsendi.
109. *Skútustaðir*. Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðihólssóknir.
 Prestssetur: Skútustaðir.

110. *Grenjaðarstaður*. Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarstaða- og Næssóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
111. *Húsavík*. Húsavíkur- og Brettingsstaðasóknir.
Prestssetur á Húsavík.

XXI. *Norður-Þingeyjarprófastsdæmi*.

112. *Skinnastaður*. Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.
113. *Raufarhöfn*. Raufarhafnarsókn.
Prestssetur á Raufarhöfn.
114. *Sauðanes*. Sauðaness- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Sauðanes.

2. gr.

Í Reykjavík skal vera safnaðaráð. Skal það skipað formönnum safnaðarnefnda í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er formaður ráðsins og kallar það saman. Verkefni ráðsins er:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft sem þörf er, og skal sú skipting að jafnaði miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.
2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf sóknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður nota sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.
3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

3. gr.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skulu prestar vera svo margir, að sem næst 4000 manns komi á hvern. Skipta skal prestaköllum, þar sem eru tveir eða fleiri prestar, á hliðstæðan hátt og ákveðið er í 2. gr.

4. gr.

Nú er skipt prestakalli, þar sem er einn prestur, í tvö eða fleiri prestaköll, og hefur þá presturinn rétt til að velja, hvaða hluta þess hann hyggst að þjóna.

5. gr.

Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og prestsseturshús, sem reist verða samkvæmt lögum þessum. Skulu lóðirnar valdar á hentugum stöðum með samþykki kirkjustjórnar.

6. gr.

Sóknarprestarnir á Skeggjastöðum, Mjóafirði, Hofi í Örafum, Sauðlauksdal, Hrafnseyri, Súgandafirði, Árnesi, Hvammi í Laxárdal, Grímsey og Raufarhöfn skulu jafnframt gegna þar kennarastörfum, og taka þeir þá laun fyrir hvor tveggja þessi störf í næsta launaflokki fyrir ofan aðra sóknarpresta.

7. gr.

Biskup ræður tvo presta, aðstoðarpresta, til þess að gegna þjónustu í forföllum sóknarprests um stundarsakir og til annarra starfa í þjónustu kirkjunnar, þar sem hann telur mesta þörf hverju sinni. Prestar þessir skulu hafa sömu laun og sóknarprestar, en ferðakostnaður greiðist þeim samkvæmt reikningi, er kirkjustjórnin úrskurðar.

8. gr.

Andvirði prestssetra þeirra, sem lögð verða niður samkvæmt lögum þessum, skal verja til húsbýgginga og annarra endurbóta á prestssetrum í viðkomandi prestaköllum.

9. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkun prestakalla, leggja niður kirkju eða færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, þar sem ákvæði 2. og 3. gr. eiga ekki við, og skal það mál koma fyrir safnaðarfund, eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin viðkemur aðeins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögsmætum safnaðarfund. Séu söfnuðir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Séu söfnuðir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Samþykki síðan héraðsfundur (eða héraðsfundur, ef breytingin nær til fleiri en eins prófastsdæmis) tillögurnar, er kirkjustjórn rétt að staðfesta breytingarnar.

10. gr.

Nú er við breytingar þær, sem um ræðir í 9. gr., aðeins um tilfærslu gjaldenda milli sókna að ræða, og kirkjur eru í báðum sóknum, og skal þá sóknarkirkja sú, er nýja gjaldendur fær við sóknarbreytinguna, gjalda kirkju þeirrar sóknar, er gjaldendur missir, sem svarar þriggja ára lögboðnu sóknargjaldi fyrir hvern gjaldanda. Upphæðin greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum, en án vaxta.

Nú er sókn skipt og tekin upp ný sókn og kirkjubýgging hafin, og skal þá kirkjumálaráðherra í samráði við biskup skipa þrjá menn til þess að meta skuldlausar eignir sóknarkirkjunnar. Er kirkjunni síðan skylt að greiða vaxtalaust og með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum þann hluta eignanna, er hinni nýju sókn ber að tiltölu réttir við tölu gjaldenda í báðum sóknum, þegar skiptin fara fram, að frádregnu þriggja ára sóknargjaldi þeirra gjaldenda, er kirkjan missir við skiptinguna.

Þegar ný sókn er löglega upp tekin, er prestur þess prestakalls, þar sem guðsþjónustuhús sóknarinnar er, skylt að syngja þar messur án sérstaks endurgjalds.

11. gr.

Þegar sóknarkirkja er lögð niður, skulu eignir hennar og andvirði renna til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, er sóknin hverfur til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þeirra gjaldenda, er hverri sókn bætist við niðurlagningu sóknarinnar.

Nú eyðist kirkjusókn gersamlega að fólki eða söfnuður er orðinn svo fá-mennur, að hann getur ekki haldið kirkju messufærri að dómi hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, og skal þá prófastur taka við sjóði kirkjunnar og umsjón hennar. Kirkjustjórn ákveður síðan, að fengnum tillögum héraðsprófasts, hvort kirkjan skuli lögð niður. Ef svo verður, varðveitist andvirði hennar og sjóður í Hinum almenna kirkjusjóði. Þau heimili, sem eftir kynnu að vera í sókninni, skulu lögð til annarrar sóknar eða sókna eftir ákvörðun kirkjustjórnar.

Byggist sóknin á ný og sóknarmenn ákveða að endurreisa kirkju, skal veita henni sóknarréttindi að nýju og afhenda sjóð hinnar niðurlögðu kirkju.

12. gr.

Kirkjustjórn hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem að ofan eru ákveðnar, komist á, svo fljótt sem því verður við komið eftir gildistöku þessara laga.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952. Frá sama tíma eru úr gildi númer:

Lög nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 20 2. júní 1917, um niðurlagningu Njarðvíkurkirkju og sameiningu Keflavíkur- og Njarðvíkursókna.

Lög nr. 27 26. okt. 1917, um breytingu á 1. gr. laga nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 36 27. júní 1925, um skiptingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Lög nr. 37 31. maí 1927, um breytingu á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

Lög nr. 19 1. febr. 1936, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 63 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 76 7. maí 1940, um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og skiptingu Reykjavíkur í prestaköll.

Lög nr. 45 5. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 37 14. marz 1951, um breyting á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Svo og önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni hæstvirts kirkjumálaráðherra. Nefndin er sammála um, að rétt sé að verða við þeirri ósk ráðherra að flytja frumvarpið, en allir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um fylgi við það, svo og um breytingartillögur, er fram kunna að koma. Enn fremur áskilja þeir sér allir rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið.

Frv. fylgdi svolátandi greinargerð frá millipinganefnd þeirri, er starfaði að samningu frumvarpsins:

Með bréfi kirkjumálaráðherra Hermanns Jónssonar frá 8. maí þ. á. var oss undirrituðum falið að endurskoða löggjöfina um skipun prestakalla. Var sú endurskoðun ákveðin með lögum nr. 37 frá 14. marz s. l. Óskað var eftir, að kostað yrði kapps um að ljúka þessu verki svo fljótt, að frv. um heildarskipun prestakalla yrði lagt fyrir Alþingi á þessu hausti. — Enn fremur var fyrir nefndina lagt að hafa náið samband við biskupinn yfir Íslandi, kirkjuráð, Prestafélag Íslands og prestastefnu.

Tíminn, sem nefndinni var þannig afmarkaður til svo umfangsmikillar rannsóknar, athugana og upplýsinga, var því naumur, einkum með tilliti til þess, að svo marga aðila skyldi hafa með í ráðum, og enda full þörf að hafa þá enn þá fleiri, þar sem slík löggjöf hlýtur að snerta meira og minna marga söfnuði landsins.

Nefndin tók því strax til starfa og hefur haldið marga fundi, stundum heila daga, og átt auk þess nokkra fundi og viðræður við þá aðila, sem að framan greinir.

Árangur og niðurstöður þessarar endurskoðunar er frv. það, sem hér fylgir. Öllum nefndarmönnum er það þó fullkomlega ljóst, að hér hefur verið hafður fullmikill hraði á, og hefði vitanlega verið ákjósanlegt og enda nauðsynlegt að geta haft fyllra samband við alla þá söfnuði, sem breytingarnar ná til, — og geta hetur kynnt skoðunum þeirra og aðstæðum öllum í þessum efnunum.

Heildarendurskoðun prestakallaskipunarinnar hefur ekki farið fram síðan 1907, — og er öllum ljóst, hvílikar breytingar hafa átt sér stað í þjóðlífi voru frá þeim tíma. Fólkinu hefur fjölgað ört, tilfærsla þess um búsetu verið með bylt-ingablæ, og allar samgöngur gerbreytzt, — enda hefur ekki orðið hjá því komizt að gera smám saman á þessum árum nokkrar aðkallandi breytingar á prestakallaskipuninni, einkum til fjölgunar prestum þar, sem fólkið hefur flest safnast fyrir. Í dreifbýlinu hafa hins vegar allmörg prestaköll verið prestslaus árum saman. Stafar það einkum af tvennu, að prestssetrin á viðkomandi stöðum hafa verið mjög illa hýst og allmikil ekla á prestum hefur verið undanfarandi ár. Þetta hvort tveggja er nú ört að breytast. Mörg prestssetur hafa verið vel hýst, þótt allmörg séu enn lítt

húsuð, einkum þar sem engir prestar hafa setið undanfarið. Og við guðfræðinám eru nú miklu fleiri stúdentar en nokkru sinni áður, eða hátt á fjórða tug alls. — Eftir fá ár ætti því báðum þessum hindrunum að vera rutt úr vegi. Breytingar til fækkunar ættu því ekki að vera nauðsynlegar af þeim sökum á næstu árum. Prestakallaskipunin verður því fyrst og fremst að miðast við þörf safnaðanna á prestsþjónustu og óskir þeirra og það, að kirkjulegt starf geti orðið að sem mestum notum fyrir þjóðina. En jafnframt skal tekið fullt tillit til þess, að vel sé á fjármunum þjóðarinnar haldið og að starfssvið prestanna sé nægilegt, eftir því sem við verður komið.

Með þessi sjónarmið fyrir augum hefur nefndin unnið að frumvarpi þessu og leitast við að finna þær leiðir, sem þar væru líklegastar til samkomulags og árangurs.

Nefndin ritaði þegar í upphafi starfs síns formönnum allra sóknarnefnda í þeim prestaköllum, sem leggja skyldi niður samkvæmt lögum nr. 37 14. marz 1951, og leitaði álits þeirra á lögumunum. Svörin báru það ótvírætt með sér, að sterk andúð var á því heima í héruðunum, að prestaköllin yrðu lögð niður.

Breytingar þær, sem felast í tillögum nefndarinnar, eru einkum þrenns konar:

1. Að sameina prestaköll á þeim stöðum, þar sem fólki hefur fækkað eða samgöngur batnað til verulegra muna.
2. Að stofna ný prestaköll í þéttbýlinu, þar sem fólksfjölgun hefur orðið mest á undanförunum árum og gera má ráð fyrir, að fólkstala fari mjög vaxandi í náinni framtíð.
3. Að sameina í sparnaðarskygni prestsstarf og kennarastarf í nokkrum fámennum prestaköllum.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal það tekið fram, er hér fer á eftir:

Um 1. gr.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar verða prestsembætti alls 116, en eru nú 115 eða þó öllu heldur 118, því að samkvæmt ákvæðum gildandi laga frá 1940 eiga prestar í Reykjavík nú að vera 9, en eru aðeins 6.

Að vel athuguðu máli taldi nefndin, að einum nefndarmanni undanskildum, hvorki hagkvæmt né eðlilegt að fækka prestum meira en frv. gerir ráð fyrir, þ. e. að sóknarprestar verði 114, og að auki tveir prestar til þess að þjóna í forföllum sóknarpresta og starfa að öðru leyti að kirkju- og kristindómsmálum samkvæmt ákvörðun biskups hverju sinni.

Samhliða því, sem embættismönnum ríkisins hefur verið stórlega fjölgað á flestum sviðum á síðastliðinni öld, þá hefur prestunum verið stórlega fækkað og það þrátt fyrir það þótt fólkstala í landinu hafi meira en tvöfaldast á því tímabili. Verður eigi haldið lengur áfram á þeirri braut án tjóns fyrir þjóðina.

Eftirfarandi skýrsla sýnir fólkstölu í landinu á ýmsum tímum á síðastliðnum hundrað árum, tölu presta samkvæmt þágildandi lögum og mannfjölda á prest að meðaltali:

Ár	Fólkstala	Tala presta	Mannfjöldi á prest
1850	59 157	181	327
1880	72 444	141	514
1907	81 760	106	771
1950	144 260	115	1254

Í hinum einstöku prófastsdæmum hefur tala presta verið sem hér segir. Í síðasta dálki er tala prestanna samkv. tillögum nefndarinnar.

Prófastsdæmi:	1850	1880	1907	1951	Till. n.
1. N-Múlaprófastsdæmi	10	7	6	6	6
2. S-Múlaprófastsdæmi	12	10	8	8	8
3. A-Skaftafellsprófastsdæmi	5	4	3	3	3

Prófastsdæmi:	1850	1880	1907	1951	Till. n.
4. V-Skaftafellsprófastsdæmi	7	4	3	3	3
5. Rangárvallaprófastsdæmi	13	9	7	7	7
6. Árnessprófastsdæmi	15	12	8	8	8
7. Kjalarnessprófastsdæmi	7	6	5	5	6
8. Reykjavík	1	1	1	6	9
9. Borgarfjarðarprófastsdæmi	6	5	4	4	4
10. Mýraprófastsdæmi	7	5	3	3	2
11. Snæfellsnessprófastsdæmi	7	6	5	6	5
12. Dalaprófastsdæmi	6	4	3	3	3
13. Barðastrandarprófastsdæmi	8	8	6	6	6
14. V-Ísafjarðarprófastsdæmi	6	4	4	5	5
15. N-Ísafjarðarprófastsdæmi	7	6	5	6	5
16. Strandaprófastsdæmi	5	4	4	4	3
17. Húnavatnsprófastsdæmi	13	10	7	7	5
18. Skagafjarðarprófastsdæmi	14	11	8	8	8
19. Eyjafjarðarprófastsdæmi	15	10	7	8	9
20. S-Þingeyjarprófastsdæmi	12	10	6	6	6
21. N-Þingeyjarprófastsdæmi	5	5	3	3	3
	181	141	106	115	114

Eins og áður segir, miða tillögur nefndarinnar m. a. að því að gera prestaköllin jafnari að fólkstölu. Þetta sést ljóst af eftirfarandi yfirliti, er sýnir flokkun prestakallanna eftir fólkstölu nú og samkvæmt tillögum nefndarinnar:

Íbúatala:	Tala prestakalla nú:	Tala samkv. till. n.:
1. Færri en 100	4	3
2. 100—200	10	6
3. 200—300	13	9
4. 300—400	13	10
5. 400—500	17	21
6. 500—600	10	11
7. 600—700	8	9
8. 700—800	6	5
9. 800—900	2	4
10. 900—1000	6	5
11. Yfir 1000	26	31

Þetta kemur þó enn betur í ljós, þegar þess er gætt, að af prestaköllum þeim, þar sem prestunum er lögð á hendur kennsluskylda, eru 2 með innan við 100 íbúa, 4 með 100—200, 1 með 200—300 og 3 með 400—500 íbúa.

Til enn frekari glöggvunar á tillögum nefndarinnar er hér sett skrá yfir prestaköllin, eins og nefndin leggur til að þau verði, ásamt fólkstölu í hverju kalli samkvæmt manntali prestanna 31. des. 1950, tölu sókna og vegalengd frá prestssetri á kirkjur fram og aftur samanlagt í kílómetrum, miðað við lauslegar mælingar. Í sumum prestaköllum er hægt að fara skemmri leið á útkirkjur á sjó.

Nöfn prestakalla og kirkjusókna: Fjarl. á annexlu: Heimili: Fólksfjöldi:

I. *Norður-Múlaprófastsdæmi.*

1. Skeggjastaðir:

1. Skeggjastaða	0	46	211	
			—	211

2. Hof í Vopnafirði:

2. Hof	0	23	137	
3. Vopnafjarðar	28	118	551	
			—	688

Nöfn prestakalla og kirkjusókna:	Fjarl. á annexu:	Heimili:	Fólksfjöldi:
3. Hofteigur:			
4. Hofteigs	0	18	113
5. Sleðbrjóts	62	25	150
6. Eiriksstaða	82	10	57
7. Möðrudals	112	4	33
			----- 353
4. Valbjófsstaður:			
8. Valbjófsstaðar	0	37	210
9. Áss	56	31	168
			----- 378
5. Eiðar:			
10. Eiða	0	37	206
11. Hjaltastaðar	34	27	155
12. Kirkjubæjar	90	39	210
			----- 571
6. Desjarmýri:			
13. Bakkagerðis	4	60	258
14. Húsavíkur	36	3	19
15. Njarðvíkur	22	2	11
			----- 288
7. Seyðisfjörður:			
16. Seyðisfjarðar	0	158	873
17. Klyppsstaða	44	6	40
			----- 913
II. Suður-Múlaprófastsdæmi.			
8. Vallanes:			
18. Vallaness	0	53	309
19. Þingmúla	44	26	138
			----- 447
9. Mjóifjörður:			
20. Brekku	0	28	161
			----- 161
10. Norðfjörður:			
21. Norðfjarðar	0	203	1491
			----- 1491
11. Eskifjörður:			
22. Eskifjarðar	0	144	826
23. Reyðarfjarðar	30	77	392
			----- 1318
12. Kolfreyjustaður:			
24. Kolfreyjustaðar	0	37	214
25. Búða	22	137	657
			----- 871
13. Heydalir:			
26. Stöðvarfjarðar	48	44	195
27. Heydala	0	57	257
28. Beruness	52	16	80
			----- 532
14. Djúpivogur:			
29. Hofs	72	19	117
30. Djúpavogs	0	49	309
31. Berufjarðar	42	6	60
			----- 486

	Nöfn prestakalla og kirkjusókna:	Fjarl. á annexiu:	Heimili:	Fólksfjöldi:
III. Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.				
15. Bjarnanes:				
	32. Bjarnaness	0	128	639
	33. Stafafells	60	19	103
				----- 742
16. Kálfafellsstaður:				
	34. Kálfafellsstaðar	0	27	152
	35. Brunnhóls	70	20	91
				----- 243
17. Hof í Öräfum:				
	36. Hofs	0	23	156
				----- 156
IV. Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi.				
18. Prestsbakki á Síðu:				
	37. Prestsbakka	0	58	345
	38. Kálfafells	50	13	77
				----- 422
19. Ásar:				
	39. Grafar	18	16	81
	40. Þykkvabæjar	58	12	91
	41. Langholts	42	23	158
				----- 330
20. Vík:				
	42. Víkur	0	63	336
	43. Reynis	18	27	151
	44. Skeiðflatar	26	35	202
				----- 689
V. Rangárvallaprófastsdæmi.				
21. Holt undir Eyjafjöllum:				
	45. Eyvindarhóla	24	41	243
	46. Ásólfskála	10	31	183
	47. Stóradals	34	23	163
				----- 589
22. Bergþórshvoll:				
	48. Króss	18	42	243
	49. Akureyjar	18	39	198
				----- 441
23. Breiðabólstaður í Fljótshlíð:				
	50. Breiðabólstaðar	0	52	290
	51. Hlíðarenda	20	14	215
				----- 505
24. Oddi:				
	52. Odda	0	36	317
	53. Stórólfsþvols	28	21	199
	54. Keldna	40	18	85
				----- 601
25. Kirkjuhvoll:				
	55. Háabæjar	0	43	231
	56. Árbæjar	40	24	150
	57. Kálfholts	70	27	161
				----- 542

Nöfn prestakalla og kirkjusókna:	Fjarl. á annexiu:	Heimili:	Fólksfjöldi:
26. Fellsmúli:			
58. Skarðs	4	28	150
59. Marteinstungu	40	19	106
60. Haga	32	12	65
			<hr/> 321
27. Vestmannaeyjar:			
61. Ofanleitis	0		3708
			<hr/> 3708
VI. <i>Árnessprófastsdæmi.</i>			
28. Hruni:			
62. Stóra-Núps	52	29	171
63. Hrepphóla	18	23	155
64. Hruna	0	47	267
65. Tungufells	40	5	30
			<hr/> 623
29. Skálholt:			
66. Torfastaða	16	21	125
67. Bræðratungu	56	10	66
68. Haukadals	66	15	104
69. Úthlíðar	38	8	54
70. Skálholts	0	14	64
			<hr/> 413
30. Mosfell í Grímsnesi:			
71. Mosfells	0	22	124
72. Stóruborgar	20	18	95
73. Búrfells	40	16	103
74. Miðdals	44	27	159
			<hr/> 481
31. Þingvellir:			
75. Þingvalla	0	11	75
76. Úlfjótuvatns	44	11	62
			<hr/> 137
32. Hraungerði:			
77. Hraungerðis	0	36	222
78. Ólafsvalla	34	47	262
79. Villingaholts	20	35	206
			<hr/> 690
33. Selfoss:			
80. Laugardæla	6	250	1103
			<hr/> 1103
34. Eyrarbakki:			
81. Eyrarbakka	0	141	433
82. Stokkseyrar	12	124	567
83. Gaulverjabæjar	30	41	252
			<hr/> 1352
35. Hveragerði:			
84. Kotstrandar	8	162	758
85. Hjalla	18	19	97
86. Strandar	66	14	63
			<hr/> 918

	Nöfn prestakalla og kirkjusókna:	Fjarl. á annexiu:	Heimili:	Fólksfjöldi:
VII. Kjalarnessprófastsdæmi.				
36. Grindavík:				
	87. Grindavíkur	0	91	515
	88. Kálfatjarnar	52	54	305
				— 820
37. Útskálar:				
	89. Útskála	0	?	554
	90. Hvalsness	22	?	563
	91. Kirkjuvogs	42	25	146
				— 1263
38. Keflavík:				
	92. Keflavíkur	0	?	2856
	93. Njarðvíkur	10	?	119
				— 2975
39. Hafnarfjörður:				
	94. Hafnarfjarðar	0	?	5588
	95. Bessastaða	12	28	158
				— 5747
40. Mosfell í Mosfellssveit:				
	96. Brautarholts	22	17	104
	97. Lágafells	?	143	1017
	98. Viðeyjar	48	1	4
				— 1125
41. Reynivellir:				
	99. Reynivalla	0	48	200
	100. Saurbæjar	38	8	103
				— 303
VIII. Reykjavíkurprófastsdæmi.				
42.—50.				
IX. Borgarfjarðarprófastsdæmi.				
51. Saurbær á Hvalfjarðarströnd:				
	101. Saurbæjar	0	24	187
	102. Innra-Hólms	48	23	151
	103. Leirár	30	28	162
				— 500
52. Akranes:				
	104. Akraness	0	?	2654
				— 2654
53. Hvanneyri:				
	105. Hvanneyrar	0	26	197
	106. Lundar	42	20	102
	107. Bæjar	30	19	81
	108. Fitja	56	10	51
				— 431
54. Reykholt:				
	109. Reykhólts	0	42	292
	110. Stóra-Áss	30	8	43
	111. Gilsbakka	38	11	66
	112. Síðumúla	22	11	61
				— 462

	Nöfn prestakalla og kirkjusókna:	Fjarl. á annexiu:	Heimili:	Fólksfjöldi:
X. Mýrprófastsdæmi.				
55. Stafholt:				
	113. Stafholts	0	40	228
	114. Hjarðarholts	18	13	65
	115. Hvamms	66	22	113
	116. Norðtungu	34	11	65
				<hr/> 471
56. Borg:				
	117. Borgar	0	23	131
	118. Borgarness	6	124	740
	119. Álftártungu	28	12	75
	120. Álftaness	48	17	98
				<hr/> 1044
XI. Snæfellsnessprófastsdæmi.				
57. Söðulsholt:				
	121. Rauðamels	12	13	89
	122. Kolbeinsstaða	20	24	166
	123. Staðarhrauns	52	11	40
	124. Akra	70	20	101
				<hr/> 396
58. Staðastaður:				
	125. Staðastaðar	0	35	192
	126. Hellna	80	15	98
	127. Búða	38	14	96
	128. Fáskrúðarbakka	38	25	154
				<hr/> 540
59. Ólafsvík:				
	129. Ólafsvíkur	0	90	492
	130. Ingjaldshóls	18	79	357
	131. Brimilsvalla	20	10	53
				<hr/> 902
60. Setberg:				
	132. Setbergs	0	60	402
				<hr/> 402
61. Stykkishólmur:				
	133. Helgafells	10	20	92
	134. Bjarnarhafnar	44	4	20
	135. Narfeyrar	52	12	72
	136. Stykkishólms	0	144	829
				<hr/> 1013
XII. Dalaprófastsdæmi.				
62. Kvinnabrekka:				
	137. Kvinnabrekku	0	24	160
	138. Stóra-Vatnshorns	20	17	77
	139. Snóksdals	16	21	119
	140. Breiðabólstaðar	68	9	52
				<hr/> 408
63. Hvammur:				
	141. Hvamms	0	19	123
	142. Staðarfells	44	20	101
	143. Hjarðarholts	40	26	235
				<hr/> 459

Nöfn prestakalla og kirkjusókna:	Fjarl. á annexiu:	Heimili:	Fólksfjöldi:
64. Staðarhólsþing:			
144. Staðarhóls	0	33	210
145. Skarðs	44	12	88
146. Dagverðarness	70	13	79
			— 377
XIII. Barðastrandarprófastsdæmi.			
65. Flatey:			
146. Flateyjar	0	38	194
147. Skálmarnesmúla	40	11	69
			— 263
66. Reykhólar:			
148. Reykhóla	0	19	165
149. Staðar	18	11	80
150. Garpsdals	62	18	100
151. Gufudals	68	16	110
			— 455
67. Brjánslækur:			
152. Brjánslækjar	0	10	73
153. Haga	38	10	126
			— 199
68. Sauðlauksdalur:			
154. Sauðlauksdals	0	16	81
155. Saurbæjar	30	9	50
156. Breiðuvíkur	46	12	49
			— 180
69. Patreksfjörður:			
157. Patreksfjarðar	0	202	858
158. Stóra-Laugardals	42	32	184
			— 1042
70. Bildudalur:			
159. Bildudals	0	105	452
160. Selárdals	48	15	72
			— 524
XIV. Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.			
71. Hrafnseyri:			
161. Hrafnseyrar	0	13	58
162. Álftamýrar	26	4	34
			— 92
72. Þingeyri:			
163. Þingeyrar	0	94	458
164. Hrauns	18	4	36
			— 494
73. Núpur í Dýrafirði:			
165. Núps	0	13	59
166. Mýra	10	19	116
167. Sæbóls	38	8	45
			— 220
74. Holt í Önundarfirði:			
168. Holts	0	22	139
169. Flateyrar	40	106	469
170. Kirkjubóls	14	6	40
			— 648

Nöfn prestakalla og kirkjusókna:	Fjarl. á annexlu:	Heimili:	Fólksfjöldi:
75. Súgandafjörður:			
171. Suðureyrar	4	106	414
			----- 414
XV. <i>Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.</i>			
76. Bolungarvík:			
172. Hóls	0	146	799
			----- 799
77. Ísafjörður:			
173. Ísafjarðar	0	?	2926
174. Hnífsdals	8	?	300
			----- 3226
78. Ögurþing:			
175. Eyrar	52	56	311
176. Ögur	68	20	130
			----- 441
79. Vatnsfjörður:			
177. Vatnsfjarðar	0	17	100
178. Nauteyrar	18	17	100
179. Unaðsdals	22	8	62
			----- 262
80. Staður í Grunnavík:			
180. Staðar	0	17	83
181. Hesteyrar	20	1	3
182. Staðar í Aðalvík	22	7	29
			----- 115
XVI. <i>Strandaprófastsdæmi.</i>			
81. Árnes:			
183. Árness	0	63	413
			----- 413
82. Hólmavík:			
184. Hólmavíkur	0	75	495
185. Drangsness	62	45	297
186. Kaldrananess	60	24	182
187. Staðar	26	6	30
188. Kollafjarðarness	46	32	211
			----- 1215
83. Prestsbakki í Hrutafirði:			
189. Prestsbakka	0	40	197
190. Óspakseyrar	68	9	73
191. Staðar í Hrutafirði	60	32	138
			----- 408
XVII. <i>Húnavatnsprófastsdæmi.</i>			
84. Melstaður:			
192. Melstaðar	0	37	167
193. Staðarbakka	10	22	112
194. Kirkjuhvamms	24	92	401
195. Efra-Núps	48	14	98
			----- 778
85. Breiðabólstaður í Vesturhópi:			
196. Breiðabólstaðar	0	18	104
197. Tjarnar	66	19	80
198. Vesturhópshóla	24	14	63
199. Víðidalstungu	36	30	149
			----- 396

Nöfn prestakalla og kirkjusókna:	Fjarl. á annexfu:	Heimili:	Fólksfjöldi:
86. Steinnes:			
200. Þingeyra	10	30	186
201. Undirfells	32	24	195
202. Blönduóss	42	70	404
			— 785
87. Æsustaðir:			
203. Auðkúlu	36	9	68
204. Svínavatns	28	15	103
205. Bergsstaða	44	14	89
206. Bólstaðarhlíðar	10	14	98
207. Holtastaða	22	14	86
			— 444
88. Höskuldsstaðir:			
208. Höskuldsstaða	0	65	267
209. Skagastrandar	26	133	618
210. Hofs	44	30	143
			— 1028
XVIII. <i>Skagafjarðarprófastsdæmi.</i>			
89. Hvammur í Laxárdal:			
211. Hvamms	0	14	68
212. Ketu	46	7	35
			— 103
90. Sauðárkrókur:			
213. Sauðárkróks	0	179	1152
214. Rípur	32	15	113
			— 1265
91. Glaumbær:			
215. Glaumbæjar	0	29	148
216. Viðimýrar	20	29	146
217. Reynistaðar	12	21	142
			— 436
92. Mælifell:			
218. Mælifells	0	16	88
219. Reykja	6	25	142
220. Goðdala	34	19	111
221. Ábæjar	82	2	18
			— 359
93. Miklibær:			
222. Miklabæjar	0	21	112
223. Silfrastaða	20	14	68
224. Flugumýrar	18	16	92
			— 272
94. Hólar í Hjaltadal:			
225. Hóla	0	22	165
226. Viðvíkur	18	24	142
227. Hofstaða	38	12	80
			— 387
95. Hofsós:			
228. Hofs (með Hofsós)	2	87	458
229. Fells	32	19	104
			— 562

	Nöfn prestakalla og kirkjusókna:	Fjarl. á annexiu:	Heimili:	Fólksfjöldi:
96.	Barð:			
	230. Barðs	0	45	278
	231. Knappsstaða	32	21	141
				— 419
XIX.	<i>Eyjafjarðarprófastsdæmi.</i>			
97.	Grimsey:			
	232. Miðgarða	0	16	73
				— 73
98.	Siglufjörður:			
	233. Hvanneyrar	0	?	3050
				— 3050
99.	Ólafsfjörður:			
	234. Ólafsfjarðar	0	?	950
				— 950
100.	Vellir:			
	235. Valla	0	22	160
	236. Upsa	14	123	792
	237. Tjarnar	20	16	102
	238. Urða	20	22	151
				— 1205
101.	Hrisey:			
	239. Hriseyjar	?	56	327
	240. Stærra-Árskógs	?	50	328
				— 655
102.	Möðruvellir í Hörgárdal:			
	241. Möðruvalla	0	81	485
	242. Bakka	44	12	71
	243. Bægisár	30	31	190
	244. Glæsibæjar	18	16	129
				— 875
103.—104.	Akureyri:			
	245. Akureyrar	0		7485
	246. Lögmanshlíðar	8		660
				— 8145
105.	Laugaland:			
	247. Kaupangs	18	21	140
	248. Munkaþverár	6	24	236
	249. Möðruvalla	30	15	86
	250. Hóla	54	14	79
	251. Saurbæjar	34	26	180
	252. Grundar	52	26	247
				— 968
XX.	<i>Suður-Pingeyjarprófastsdæmi.</i>			
106.	Laufás:			
	253. Laufáss	0	17	87
	254. Svalbarðs	36	48	233
	255. Grenivíkur	20	60	316
				— 636
107.	Háls:			
	256. Háls	0	20	123
	257. Illugastaða	30	9	58
	258. Draflastaða	26	14	73
				— 254

Nöfn prestakalla og kirkjusókna:	Fjarl. á annexú:	Heimili:	Fólksfjöldi:
108. Vatnsendi:			
259. Ljósavatns	6	25	131
260. Þóroddsstaðar	42	25	155
261. Lundarbrekku	68	28	150
			— 436
109. Skútustaðir:			
262. Skútustaða	0	30	199
263. Reykjahlíðar	32	23	135
264. Víðihóls	124	8	33
			— 367
110. Grenjaðarstaður:			
265. Grenjaðarstaðar	0	53	284
266. Ness	20	29	172
267. Þverár	26	12	67
268. Einarstaða	28	59	295
			— 818
111. Húsavík:			
269. Húsavíkur	0	217	1417
270. Brettingsstaða	70	16	112
			— 1529
XXI. <i>Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.</i>			
112. Skinnastaður:			
271. Skinnastaðar	0	26	148
272. Garðs	40	34	241
273. Snartarstaða	58	34	231
			— 620
113. Raufarhöfn:			
274. Raufarhafnar	0	62	418
			— 418
114. Sauðanes:			
275. Sauðaness	0	97	532
276. Svalbarðs	68	24	235
			— 767

Breytingar þær, sem gerðar eru á núverandi prestakallaskipun, eru þessar:

- I. Lögð niður þessi prestaköll:
 1. Stóranúpsprestakall.
 2. Staðarhraunsprestakall.
 3. Breiðabólstaðarprestakall á Skógarströnd.
 4. Staðarprestakall í Aðalvík.
 5. Tröllatunguprestakall.
 6. Tjarnarprestakall á Vatnsnesi.
 7. Auðkúluprestakall.
- II. Tekin upp þessi prestaköll:
 1. Selfossprestakall.
 2. Keflavíkurprestakall.
 - 3.—5. Reykjavíkurprestaköll.
 6. Hríseyjarprestakall.
- III. Prestum gert að skyldu að vera jafnframt kennarar í 10 prestaköllum (sbr. 6. gr.).

IV. Þá eru sóknir færðar milli prestakalla sem hér segir:

1. Sleðbrjótssókn leggst til Hofteigs.
2. Berunessókn leggst til Heydala.
3. Stóranúps- og Hrepphólasóknir leggjast til Hruna.
4. Ólafsvallasókn leggst til Hraungerðis.
5. Kirkjuvogssókn leggst til Útskála.
6. Kálfatjarnarsókn leggst til Grindavíkur.
7. Innra-Hólmssókn leggst til Saurbæjar.
8. Fáskrúðarbakkasókn leggst til Staðastaðar.
9. Staðarhrauns- og Akrasóknir leggjast til Söðulsholts.
10. Narfeyrarsókn leggst til Stykkishólms.
11. Breiðabólsstaðarsókn leggst til Kvennabrekku.
12. Hjarðarholtssókn leggst til Hvamms.
13. Dagverðarnessókn leggst til Staðarhólsþinga.
14. Garpsdalssókn leggst til Reykhóla.
15. Staðar- og Hesteyrarsóknir leggjast til Staðar í Grunnavík.
16. Kollafjarðarnessókn leggst til Hólmavíkur.
17. Óspakseyrarsókn leggst til Prestsbakka í Hrútafirði.
18. Tjarnar- og Vesturhópshólasóknir leggjast til Breiðabólstaðar.
19. Auðkúlu- og Svínavatnssóknir leggjast til Æsustaða.
20. Glæsibæjarsókn leggst til Möðruvalla.
21. Brettingsstaðasókn leggst til Húsavíkur.
22. Víðihólssókn leggst til Skútustaða.
23. Svalbarðssókn leggst til Sauðaness.

Þessar síðasttöldu breytingar leiðir sumpart af niðurlagningu prestakalla. Aðrar hafa verið taldar æskilegar til jöfnunar fólkstölu í prestaköllum. Enn aðrar stafa af breyttum og bættum samöngum.

Í lögnum nr. 45 frá 16. nóv. 1907 er ekkert ákvæði um prestssetur, og hefur það leitt til þess, að ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar um prestssetursjarðir, er síður skyldi. Telur nefndin því nauðsynlegt að ákveða prestssetrin með lögum, eftir því sem auðið er. Verður að tryggja það, að húsabætur og aðrar umbætur á prestssetrum komi að sem fyllstum og varanlegustum notum.

Prestaköll eru öll kennd við prestssetur, þar sem þau eru skilyrðislaust ákveðin. Þykir það greinilegast og eðlilegast samræmis vegna, er prestssetrin hafa verið lögfest.

Um breytingar á einstökum prestaköllum skal þetta sérstaklega tekið fram.

Hofteigur. Einsætt þykir, að Hofteigsprestakall haldist sökum víðáttu þess, en Sleðbrjótssókn leggist til þess, þar eð auðveldast er að þjóna henni þaðan.

Eiðar. Æsklegt er, að Eiðar verði prestssetur, til þess að presturinn geti unnið sem mest kristilegt starf við alþýðuskólann þar. Er og þjónusta prestakallsins þaðan auðveldari en frá Kirkjubæ.

Hruni. Þegar Selfossprestakall verður tekið upp, getur Hraungerðisprestur þjónað Ólafsvallasókn, og er þá möguleiki fyrir hendi, að það, sem eftir er af Stóranúpsprestakalli, sameinist Hrunaprestakalli.

Selfoss. Á Selfossi er nú á 2. þúsund manns. Kaupúnið er í mjög örum vexti og mikill áhugi þar á því, að það verði sérstakt prestakall.

Grindavík. Kirkjuvogssókn leggist til Útskála, af því að auðveldara er að þjóna henni þaðan. Í stað þess leggist Kálfatjarnarsókn til Grindavíkur, og verði þannig létt störfum af Hafnarfjarðarpresti.

Keflavík. Útskálaprestakall er orðið svo fjölmennt og í svo örum vexti (m. a. vegna flugvallarins í Keflavík), að nauðsyn er á að skipta því. Liggur beinast við, að Keflavíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir verði þá sérstakt prestakall.

Reykjavík. Í lögum nr. 76 7. maí 1940 er þegar ákveðið, að þar skuli vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern. En framkvæmdir samkvæmt því hafa dregið sökum þess, að engin skýr ákvæði hafa fylgt um það, hvernig haga skyldi. Eru þau sett síðar í frumvarpi þessu (sbr. 2. gr.). Í samræmi við það eru prestaköll í Reykjavík hér ekki tilgreind með sérstökum nöfnum. Mun það gert síðar, eftir því sem segir í 1. grein.

Saurbær á Hvalfarðarströnd. Innra-Hólmssókn leggist til prestakallsins til þess að létta störfum af Akranespresti, en í prestakalli hans yrði við skiptinguna 2654 manns. Auk þess má gera ráð fyrir mjög mikilli fjölgun á Akranesi á komandi árum.

Söðulsholt. Við niðurlagningu Staðarhraunsprestakalls, sem bæði er fámenn og prestssetur þess niður fallið að húsum, verður eðlilegast og auðveldast, að sóknir þess leggist til Söðulsholts, en aftur á móti verði létt á Söðulsholtspresti með því að leggja Fáskrúðarbakkasókn til Staðastaðar.

Stykkishólmur. Breiðabólsaðarprestakall á Skógarströnd skiptist milli Stykkishólms og Kvennabrekku, þar eð prestakallið er fámenn og prestssetrið illa hýst.

Hvammur í Dólum. Hjarðarholtssókn leggist til Hvamms til þess að létta störfum af prestinum á Kvennabrekku, er hann þjónar Breiðabólstaðarsókn. Aftur á móti leggist Dagverðarnessókn til Staðarhólspinga.

Reykhólar. Garpsdal er auðveldast að þjóna frá Reykhólum, eins og samgöngum er nú háttað.

Staður í Grunnavík. Staðarprestakall í Aðalvík leggist til prestakallsins, þar eð ekki eru eftir nema rúmlega 30 manns í Staðar- og Hesteyrarsóknum.

Hólmavík. Tröllatunguprestakall skiptist milli Hólmavíkur og Prestsbakka í Hrútafirði í sparnaðarskyni.

Breiðabólstaður í Vesturhópi. Tjarnarprestakall leggist til prestakallsins, þar eð bæði prestaköllin eru frekar fámenn og tiltölulega auðveld til yfirsóknar nú orðið.

Steinnesprestakall. Þar sem sett er innan sviga orðið Blönduósshreppur, þá er átt við það eitt, að sá hluti hreppsins, sem er fyrir austan Blöndu, fylgi einnig Blönduósssókn.

Æsustaðir. Auðkúluprestakall leggist til prestakallsins, þar sem samgöngur hafa batnað og bæði prestaköllin eru fámenn. Einsætt er, að presturinn á Æsustöðum þjóni Holtssókn, svo sem verið hefur undanfarið.

Hriseyjarprestakall. Vellir í Svarfaðardal er svo víðáttumikið prestakall, sex sóknir, og orðið svo fjölmennt (1860 manns), að rétt virðist að skipta því. Er þá eðlilegust sú skipting, sem hér er lögð til.

Möðruvellir í Hörgárdal. Samkvæmt núgildandi lögum telst Glæsibæjarsókn til Akureyrarprestakalls, en hefur þó undanfarið verið þjónað frá Möðruvöllum, enda virðist það liggja beinna við.

Skútustaðir. Víðihólssókn mun nú vera jafnauðvelt að þjóna þaðan sem frá Skinnastað. Er þessi breyting gerð til þess, að Skinnastaðarprestakall verði ekki eins erfitt og áður.

Húsavík. Auðveldara mun að þjóna Brettingsstaðasókn frá Húsavík en Hálsi, enda er mestallur söfnuðurinn í Flatey og líklegt, að kirkjan flytjist innan skamms þangað frá Brettingsstöðum. Að visu eru um 15 sjómíllur frá Húsavík til Flateyjar og mundi verða að greiða Húsavíkurstesti nokkurn ferðakostnað auk lögboðins embættiskostnaðar. Kemur því mjög til álita, hvort ekki sé réttast að gera Brettingsstaðasókn að skólaprestakalli með prestssetri í Flatey.

Sauðanes. Svalbarðssókn er auðveldara að þjóna frá Sauðanesi en Raufarhöfn, sem getur þá orðið skólaprestakall.

Um breytingar á prestssetrum skal enn fremur tekið fram.

Eiðar í stað Kirkjubæjar. Sbr. það er fyrr greinir. Enn fremur má geta þess, að endurbyggja þyrfti öll staðarhús á Kirkjubæ, ef þar yrði prestssetur áfram.

Prestsbakki á Síðu í stað Kirkjubæjarklausturs. Á Prestsbakka eru frábær ræktunarskilyrði, og getur hann orðið ágætasta höfuðból, ef jörðin er vel setin. Að vísu hefur prestsseturshús verið reist að Kirkjubæjarklaustri, en það mun nú mega selja sæmilegu verði. Andvirðinu yrði að sjálfsögðu varið til húsabóta á Prestsbakka. Munu bæði söfnuður og prestur óska þess eindregið, að þetta gamla prestssetur verði hafið til vegs þess, er því ber.

Kirkjuhvoll í stað Kálfholtis. Presturinn í Kálfholtsprestakalli hefur um allmörg ár setið á Kirkjuhvoli í Þykkvabæ. Hefur þar verið reist yfir hann allsæmlegt hús, enda er þar mest þéttbýli og fjölmenni í sóknum hans. Hins vegar eru öll hús í Kálfholti mjög hrörleg og þyrftu bráðrar endurreisnar við, ef prestur ætti að flytjast þangað. Kálfholt er að vísu mikil jörð að landrými til, en erfið til ábúðar eins og nú er. Ef hún er seld og andvirðið notað til að fá land fyrir prestinn á Kirkjuhvoli og reisa þar peningshús, ætti Kirkjuhvoll að geta orðið sómasamlegt prestssetur án verulegra útgjalda frá hinu opinbera.

Skálholt í stað Torfastaða. Helzt til lengi hefur Skálholt verið annexía og í niðurníðslu, og krefst nú þjóðin þess, að staðurinn verði endurreistur. Einn liður í þeirri viðreisn á að vera sá, að þar komi prestur og gegni hann öllu Torfastaðaprestakalli, sem áður var. Verði Torfastaðir seldir og andvirði þeirra varið til húsbýggingar í Skáholti. Þetta er einnig í samræmi við það, sem þegar hefur verið ákveðið um Hóla í Hjaltadal.

Hveragerði í stað Arnarbælis. Allmörg undanfarin ár hefur presturinn setið í Hveragerði sökum þess, að þar er safnaðarfólk hans flest. Má ætla, að svo muni einnig eftirmenn hans kjósa. Fyrir því leggur nefndin það til, að Hveragerði verði prestssetur, enda þótt hún sjái eftir prestssetrinu Arnarbæli. Vel gæti komið til mála, að presturinn sæti í nýbýlahverfinu undir Ingólfsfjalli.

Suðureyri í stað Staðar í Súgandafirði. Þar eð prestakallið verður skólaprestakall og mestur hluti safnaðarfólksins er á Suðureyri, virðist eðlilegast, að prestssetrið flytjist þangað.

Hólmavík í stað Staðar í Steingrímsfirði. Allmörg hin síðari árin hefur presturinn setið á Hólmavík, þar sem mikill hluti safnaðarfólks hans á heima, og má ætla, að svo kjósi einnig eftirmenn hans í framtíðinni. Fyrir því leggur nefndin til, að Hólmavík verði prestssetur, enda fer fólk mjög fækkandi í Staðarsókn.

Þess skal að lokum getið í sambandi við 1. gr., að tveimur nefndarmönnum (Á. G. og I. J.) þykir hér of langt gengið í niðurlagningu prestakalla, en einum (P. Z.) of skammt.

Um 2. gr.

Vegna hinnar öru fólksfjölgunar í Reykjavík er nauðsynlegt, að prestakallaskipun verði hreyfanlegri þar en annars staðar og því ekki ákveðin með sama hætti í lögum. Verður nú að koma nýju skipulagi á sóknir og prestaköll prófastsdæmisins, og virðist rétt, að hlutaðeigandi prestar og söfnuðir eigi tillögurétt um það, svo og um þær breytingar, er gera verður í framtíðinni.

Gert er ráð fyrir því, að yfirleitt verði einn prestur í hverju prestakalli, og geta þá fleiri söfnuðir en einn orðið innan sömu sóknar. Fyrir því er í þessari grein tekið upp nafnið safnaðarnefnd, miðað við söfnuði í Reykjavíkúrprófastsdæmi.

Við skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll hið fyrsta sinn eftir lögum þessum koma að sjálfsögðu formenn sóknarnefnda í stað formanna safnaðarnefnda.

Mjög æskilegt er, að stofnun eins og safnaðaráði sé falið slíkt starf, er getur í 3. lið.

Um 3. gr.

Kaupstöðum utan Reykjavíkur fylgir venjulega nokkurt dreifbýli og erfiðara þar um aðstoð presta, ef þörf gerist, heldur en í Reykjavík. Er því gert ráð fyrir nokkru lægri tölu að meðaltali á prest í þessum kaupstöðum.

Um 4. og 5. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Um 6. gr.

Á nokkrum stöðum hagar þannig til, að erfitt er að sameina einangraðar byggðir í hæfilega stór prestaköll eða að ætla þeim þjónustu frá prest, sem situr langt frá. Þessar byggðir eru þá einnig oftast of fámennar hver um sig til þess, að prestur hafi þar nægilegt verkefni. Langt er síðan því hefur verið hreyft og um það rætt opinberlega, að sameina bæri að einhverju leyti störf presta og kennara.

Nefndin gerir nú tillögur um, að þetta sé reynt á nokkrum stöðum. Eru einkum valin þau byggðarlög, sem erfitt er að veita prestsþjónustu án þess að prestur hafi þar aðsetur, og enn fremur að þar þurfi einnig að sjá fyrir kennslu barna og unglunga, en þau eigi ekki sókn í skóla annars staðar. Þegar svo stendur á, þyrfti helzt að hafa bæði prest og kennara, en yrði þó lítið verkefni fyrir hvorn um sig. Nokkur sparnaður yrði hér að því að sameina störf, enda þótt gera verði ráð fyrir einhverri hækkun í launum til þess manns, sem vinna ætti hvort tveggja. Er lagt til, að hann hækki í launum um einn launaflokk.

Nefndin hefur átt tal við fræðslumálastjóra um þetta og þá staði, sem helzt virtust koma til greina. Var hann því fylgjandi, að tilraunir með sameiningu yrðu gerðar á þeim stöðum, sem nefndin leggur til (skólaprestaköll). Þar sem svo mörg börn eru, að tvo kennara þarf, er ætlazt til, að prestur gegni kennarastarfi, en annar sé skólastjóri. Ekki virtist ósanngjarnt, að kennsluskylda prests væri nokkru minni á þeim stöðum en venjulegs kennara, þar sem fólksfjöldi í því kalli mundi vera allmikill og starf prestsins af þeim sökum meira. Í mjög fámennum prestaköllum gæti presturinn aftur á móti séð um öll störf kennara.

Æskilegt væri, að fyrir því væri séð, um leið og prestsseturshús eru reist, að prestur geti tekið börn heim til sín á veturnum, þar sem ætlazt er til, að hann hafi kennslu á hendi.

Prestar, sem kennslu ættu að hafa jafnframt, mundu verða að fá nokkurn sérstakan undirbúning í því skyni. Er gert ráð fyrir, að þeir fullnægi þeim skilyrðum, sem lög um menntun kennara setja þar um. Ef þessi ákvæði verða að lögum, leiðir af því, að ekki mundu aðrir sækja um skólaprestaköll en þeir, sem fúsir eru til þess að taka að sér bæði störf og hlutgengir eru til þess. Ekki mundi prestur í slíku prestakalli heldur síðar geta afsalað sér öðru starfinu en haldið hinu. Á sama hátt mætti yfirstjórn fræðslumálanna ekki heldur ráðstafa til frambúðar kennarastarfi á slíkum stöðum, þótt prestslaust yrði um sinn.

Skrifstofur fræðslumálastjóra og biskups hafa reiknað, hversu mikið fé muni sparast á þessu fyrirkomulagi miðað við greiðslur árið 1950, og er það alls kr. 158665.62.

Um 7. gr.

Erlendis hefur það reynzt mjög hagkvæmt að hafa slíka aðstoðarpresta; og hér á landi er þeirra alveg sérstök þörf vegna þess, hve örðugt er hér víða sökum staðhátta að láta nágrannapresta gegna þjónustu í prestslausum prestaköllum. Prestar þessir gætu einnig starfað m. a. um skeið bæði við sjúkrahús og fangelsi.

Um 8. gr.

Slík ráðstöfun er sanngirnis- og réttlætismál.

Um 9. gr.

Greinin er tekin upp orðrétt að mestu úr lögum nr. 45 16. nóv. 1907.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sett til þess að auðvelda sóknarskiptingu, þar sem hennar gerist þörf.

Um 11. gr.

Þess eru dæmi, að sóknir hafa geryðzt að fólki, en í nokkrum sóknum öðrum er þegar svo komið vegna fólksfæðar, að eigi er unnt að hafa þar starfandi sóknarnefndir og tekjur kirkju hrökkva engan veginn fyrir óhjákvæmilegum gjöldum. Liggur þá beinast við, að svo verði gert sem segir í greininni.

Um 12. gr.

Nokkrar þessara breytinga munu geta komizt á umsvifalaust. Til annarra mun þurfa samþykki hlutaðeigandi presta. Fáist það ekki, verða þær að bíða prestaskipta.

Sveinbjörn Högnason. Ásmundur Guðmundsson. Pálmi Einarsson.
Ingimar Jónsson. Sveinn Víkingur. Sigurður Bjarnason.
Páll Zóphóniasson,
með fyrirvara.

Fylgiskjal I.

Á fundi stjórnar Prestafélags Íslands hinn 30. sept. 1951 var samþykkt svo hljóðandi ályktun:

Stjórn Prestafélags Íslands hefur athugað frumvarp prestakallaskipunarnefndar og telur það vera eftir atvikum til mikilla bóta. Lýsir prestafélagsstjórnin yfir stuðningi sínum við þá megin stefnu nefndarfrumvarpsins, að haldið sé í horfi um starfsmannalið þjóðkirkjunnar, enda sýnist ekki geta komið til mála að fækka starfsmönnum hennar jafnhliða því sem þjóðinni fjölgar. Jafnframt vill prestafélagsstjórnin taka það fram, að hún er mótfallin svo mikilli fækkun prestakalla í sveitum sem frumvarpið gerir ráð fyrir og væntir þess, að Alþingi sjái sér fært að bæta um það samkvæmt rökstuddum tillögum hlutaðeigandi aðila.

Í stjórn Prestafélags Íslands.

Björn Magnússon. Jón Auðuns. Þorst. Björnsson.
Sigurbjörn Einarsson. Hálfán Helgason.

Fylgiskjal II.

BISKUPINN YFIR ÍSLANDI

Reykjavík, 28. sept. 1951.

Ég leyfi mér hér með að senda háttvirtri prestakallaskipunarnefnd útskrift úr gerðabók kirkjuráðs hinnar íslensku þjóðkirkju, frá fundi ráðsins hinn 27. þ. m.

... Kirkjuráð Íslands hefur tekið til meðferðar frumvarp til laga, er samið er af nefnd þeirri, sem kirkjumálaráðherra skipaði síðastliðið vor, samkv. ákvörðun Alþingis, til þess að vinna að endurskoðun á prestakallaskipun landsins. Eftir að hafa rætt og íhugað frumvarp þetta, samþykkti kirkjuráðið svo hljóðandi ályktun:

Kirkjuráðið lýsir ánægju sinni yfir því verki, sem prestakallaskipunarnefndin hefur unnið, og frumvarpi því til laga um prestakallaskipun landsins, sem orðið hefur niðurstaða af störfum hennar. Telur kirkjuráðið sig í öllum höfuðatriðum samþykkt frumvarpinu, þótt ýmislegt sé, sem einstakir meðlimir kirkjuráðsins hefðu kosið á annan veg og rætt mun verða við nefndina af forseta ráðsins. Vill kirkjuráðið taka fram og leggja áherzlu á, að það telur, að mjög varhugavert sé að leggja niður prestaköll í dreifbýlinu, jafnvel þótt fámenn séu, ekki sízt þar, sem vilji fólksins bendir eindregið til, að því sé mjög óljúft að verða svipt presti sínum.

Enn vill kirkjuráðið leggja áherzlu á, að það telur fjölgun presta í þéttbýlinu ekki aðeins mikilvæga, heldur óhjákvæmilega, og þakkar nefndinni þá stefnu, er hún hefur tekið í því efni. ...

Var ályktunin samþykkt með öllum atkvæðum.

Sigurgeir Sigurðsson.